

Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Lilja D. Alfreðsdóttir ráðherra  
Sölvhólgötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2021

## Efni: Ríkisstyrkir til sumarnáms og áhrif á samkeppni á fræðslumarkaði

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til erindis síns til ráðherra 13. apríl sl. Þar voru settar fram spurningar til ráðuneytisins í framhaldi af fréttum um að á ný ætti að veita nokkur hundruð milljónir króna af fé skattgreiðenda til niðurgreiðslu á sumarnámi ríkisrekinnna eða ríkisstyrktra háskóla. Erú þessar niðurgreiðslur sagðar hluti af úrræðum stjórnvalda vegna heimsfaraldursins.

Vísað var til framkvæmdarinnar á síðasta ári, þar sem námskeið endurmenntunardeilda háskólanna, sem haldin eru í beinni samkeppni við námskeiðahald félagsmanna FA, voru niðurgreidd um tugi þúsunda króna. Einkarekin fræðslufyrirtæki voru þannig sett í vonlausu samkeppnisstöðu, enda engin leið að keppa við námskeið sem kosta 3.000 krónur. Fyrirtækin fengu þannig tvöfalt högg í heimsfaraldrinum; fyrst þýddu samkomutakmarkanir að þau urðu af miklum tekjum og því næst fóru ríkisstyrktir háskólar í beina, niðurgreidda samkeppni við þau.

Nú fimm vikum eftir að erindið var sent ráðuneytinu hefur FA ekki fengið nein efnisleg svör. Endurmenntunardeildir tveggja ríkisháskóla, Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri, eru hins vegar farnar að auglýsa tugi námskeiða undir merkjum sumarúrræða stjórnvalda, sem eru ýmist gjaldfrjáls eða kosta 3.000 krónur. Á meðal þessara námskeiða eru mörg í beinni samkeppni við námsframboð einkarekinna fræðslufyrirtækja, t.d. námskeið í tölvunotkun og forritun, viðskiptum og stjórnun, samskiptum, verkefnastjórnun og lífsleikni svo dæmi séu tekin. Ekki verður annað séð en að flest námskeiðin séu öllum opin en ekki bundin við nemendur háskólanna eða atvinnuleitendur og er það raunar tekið sérstaklega fram á vef Endurmenntunar Háskóla Íslands.

FA lýsir mikilli furðu á þessum vinnubrögðum og að ráðuneytið skuli keyra áfram starfsemi sem kvartað hefur verið undan bæði til Samkeppniseftirlitsins og Eftirlitsstofnunar EFTA án þess svo mikið sem að virða einkarekin fræðslufyrirtæki og samtök þeirra svars. Félagið andmælir þessum framgangsmáta harðlega og leyfir sér að óska svara ráðuneytisins þegar í stað við þeim spurningum sem settar voru fram í áður nefndu erindi.

Ráðherra til upprifjunar voru þær eftirfarandi:

1. Hefur ráðuneytið lagt mat á áhrif þess fyrirkomulags ríkisstyrkja til náms, sem viðhaft verður í sumar, á samkeppni á fræðslumarkaði?
2. Til hvaða ráðstafana hefur verið gripið af hálfu ráðuneytisins til að gæta að samkeppnisstöðu einkarekinna fræðslufyrirtækja og tryggja að ríkisstyrkur til háskólanna rúmist innan ákvæða laga um opinbera háskóla, samkeppnislaga og EES-samningsins?
3. Hefur ráðuneytið tekið til skoðunar tillögu félagsins um ávísanakerfi, sambærilegt ferðagjöfinni, sem tryggi að hægt sé að velja á milli námskeiða hjá háskólum sem njóta ríkisframlaga og námskeiða einkarekinna fræðslufyrirtækja?
4. Hefur útfærsla fyrirhugaðra ríkisstyrkja verið borin undir Samkeppniseftirlitið eða Eftirlitsstofnun EFTA?

Því til viðbótar spyr FA: Með hvaða rökum hefur ráðuneytið öðru sinni ákveðið að beina ríkisstyrkjum til sumarnáms eingöngu til ríkisstyrktra háskóla?

Ennfremur ítrekar FA, með tilvísan til upplýsingalaga nr. 140/2012, kröfu sína um að ráðuneytið veiti félaginu sundurliðaðar upplýsingar um ráðstöfun ríkisstyrksins á síðasta ári, m.a. eftirfarandi:

- Hversu háar fjárhæðir runnu til endurmenntunarstofnana háskólanna?
- Hvernig skiptust niðurgreiðslurnar niður á einstök námskeið og námsleiðir?
- Hvernig skiptust niðurgreiðslurnar á nemendahópa, þ.e. nemendur skólanna, atvinnuleitendur og svo nemendur sem féllu undir hvorugan fyrrgreinda hópinn?

Óskað er eftir svörum ráðuneytisins hið allra fyrsta.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA

Afrit: Samkeppniseftirlitið